

Lagt fyrir fund velferðarráðs 4.febrúar 2026

Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins fjarvistir barna í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir upplýsingum um meðalfjölda fjarvistarstunda barna í grunnskólum borgarinnar. Upplýsingarnar óskast sundurliðaðar eftir skólum og skólastigum, þ.e. yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvernig brugðist er við fjarvistum barna úr skóla, þar á meðal hvaða verklag er viðhaft gagnvart foreldrum og eftir atvikum barnaverndaryfirvöldum.

Greinargerð:

Mikil umræða hefur verið um fjarvistir barna í grunnskólum, bæði vegna skólaforðunar og vegna fjarvista tengdum ferðalögum eða tómstundum. Þá hafa borist ábendingar um að fjarvistir barna séu ekki alltaf tilkynntar til foreldra eða barnaverndaryfirvalda, þrátt fyrir að fjöldi þeirra sé kominn langt yfir þau viðmið sem gilda um fjarvistir barna. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar hafi aðgang að skýrum og áreiðanlegum upplýsingum um mætingu barna í grunnskóla borgarinnar, svo hægt sé að bregðast við ef þörf krefur og skerpa verklag. Með því má tryggja að borgin uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um skólaskyldu barna í grunnskóla og stuðli að velferð og réttindum barna.